

AUGLÝSING

um samning um þátttöku útlendinga í opinberu lífi í sveitarfélögum.

Hinn 11. febrúar 2004 var aðalfrankvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um þátttöku útlendinga í opinberu lífi í sveitarfélögum sem gerður var í Strassborg 5. febrúar 1992. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. júní 2004.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 2. mars 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR um þátttöku útlendinga í opinberu lífi í sveitarfélögum.

CONVENTION on the Participation of Foreigners in Public Life at Local Level

Formálsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirrita samning þennan,

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna í því skyni að standa vörð um og stuðla að framgangi þeirra hugsjóna og meginreglna, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, og að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála jafnframt því að virða mannréttindi og mannfrelsi,

árétta þá skuldbindingu sína að standa vörð um hugmyndina um algilt og óskipt eðli mannréttinda og mannfrelsis sem grundvallast á mannlegri reisu,

hafa hliðsjón af 10., 11., 16. og 60. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis,

hafa í huga að búseta útlendinga á landsvæði þjóðríkja setur varanlegan svip á evrópsk þjóðfélög,

hafa í huga að útlendingar með búsetu í viðkomandi landi hafa að jafnaði sömu skyldur sem íbúar sveitarfélags og ríkisborgarar landsins,

gera sér grein fyrir því að útlendingar með búsetu í viðkomandi landi taka virkan þátt í mannlífi og framþróun sveitarfélaga sinna og eru sannfærð

Preamble

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members for the purpose of safeguarding and realising the ideals and principles which are their common heritage and facilitating their economic and social progress while respecting human rights and fundamental freedoms;

Reaffirming their commitment to the universal and indivisible nature of human rights and fundamental freedoms based on the dignity of all human beings;

Having regard to Articles 10, 11, 16 and 60 of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms;

Considering that the residence of foreigners on the national territory is now a permanent feature of European societies;

Considering that foreign residents generally have the same duties as citizens at local level;

Aware of the active participation of foreign residents in the life of the local community and the development of its prosperity, and convinced of

um nauðsyn þess að gera þeim auðveldar um vik að samlagast samfélaginu á staðnum, einkum með því að veita þeim aukin tækifæri til þess að taka þátt í opinberu lífi innan sveitarfélaga sinna, og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. hluti.

1. gr.

1. Hver samningsaðili skal beita ákvæðunum í köflum A, B og C.
Þó er hverju samningsríki heimilt að lýsa yfir því, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að það áskilji sér rétt til þess að beita ekki ákvæðum kafla B eða C eða beggja kaflanna.
2. Hver sá samningsaðili, sem hefur lýst yfir því að hann muni aðeins beita ákvæðum eins eða tveggja kafla, getur síðar tilkynnt aðalframbæmdastjóranum að hann fallist á að beita ákvæðum þess kafla eða þeirra kafla, sem hann samþykkti ekki, þegar skjal hans um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild var afhent til vörslu.

2. gr.

Í samningi þessum merkir „útlendingur með búsetu í landinu“ þann sem er ekki ríkisborgari viðkomandi ríkis en hefur löglega búsetu á landsvæði þess.

Kafla A. Tjáningarfrelsi, fundafrelsi og félagafrelsi.

3. gr.

Hver samningsaðili skuldbindur sig til þess, með fyrirvara um ákvæði 9. gr., að tryggja útlendingum með búsetu í landi sínu, með sömu skilyrðum og eigin ríkisborgurum:

- a) rétt til tjáningarfrelsis; sá réttur skal ná til skoðanafrelsis og frelsis til að taka á móti og miðla upplýsingum og hugmyndum án íhluunar opinberra yfirvalda og án tillits til landamæra. Þessi grein skal ekki hindra að ríki setji skilyrði um starfsleyfi til reksturs hljóðvarps, sjónvarps eða kvikmyndahúsa;
- b) rétt til friðsamlegra fundahalda og félagafrelsis, að meðtöldum rétti til að stofna stéttarfélag og öðlast aðild að þeim til þess að verja hagsmuni sína. Nánar tiltekið skal rétturinn til félagafrelsis fela í sér rétt útlendinga

the need to improve their integration into the local community, especially by enhancing the possibilities for them to participate in local public affairs,

Have agreed as follows:

Part I

Article 1

1. Each Party shall apply the provisions of Chapters A, B, and C.
However, any Contracting State may declare, when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, that it reserves the right not to apply the provisions of either Chapter B or Chapter C or both.
2. Each Party which has declared that it will apply one or two chapters only may, at any subsequent time, notify the Secretary General that it agrees to apply the provisions of the chapter or chapters which it had not accepted at the moment of depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 2

For the purposes of this Convention, the term “foreign residents” means persons who are not nationals of the State and who are lawfully resident on its territory.

Chapter A Freedoms of expression, assembly and association

Article 3

Each Party undertakes, subject to the provisions of Article 9, to guarantee to foreign residents, on the same terms as to its own nationals:

- a) the right to freedom of expression; this right shall include freedom to hold opinions and to receive and impart information and ideas without interference by public authority and regardless of frontiers. This article shall not prevent States from requiring the licensing of broadcasting, television or cinema enterprises;
- b) the right to freedom of peaceful assembly and to freedom of association with others, including the right to form and to join trade unions for the protection of their interests. In particular, the right to freedom of association

með búsetu í landinu til að stofna eigin samtök með það í huga að veita hver öðrum aðstoð, viðhalda menningarlegri sjálfsmýnd sinni og tjá hana eða verja hagsmuni sína í málum sem heyra undir sveitarstjórn og rétt til að ganga í félög hvers konar.

4. gr.

Hver samningsaðili skal leitast við að tryggja að hæfilegt átak sé gert til að stuðla að þátttöku útlendinga með búsetu í landi hans þegar mál eru borin undir almenning, unnið er að skipulagsmálum og annað samráð er haft við almenning um málefni sveitarfélaga.

Kafli B. Samráðsnefndir sem koma fram sem málsvarar útlendinga með búsetu í sveitarfélaginu.

5. gr.

1. Hver samningsaðili skuldbindur sig til þess, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 9. gr.:
 - a) að gæta þess að engar hindranir, lagalegar eða af öðrum toga, geti komið í veg fyrir að sveitarstjórnir, sem hafa á landsvæði sínu umtalsverðan fjölda útlendinga með búsetu í landinu, setji á fót samráðsnefndir eða geri aðrar viðeigandi ráðstafanir í stjórnkerfi sínu með það fyrir augum:
 - i) að mynda tengsl við erlenda íbúa,
 - ii) að skapa útlendingum með búsetu í landinu vettvang til að ræða og móta skoðanir sínar, óskir og málefni á þeim sviðum sem varða þá sérstaklega og snerta opinbert líf í sveitarfélögum, m.a. starfsemi og ábyrgð hlutaðeigandi sveitarstjórnar, og
 - iii) að auðvelda þeim að laga sig almennt að samfélaginu;
 - b) að ýta undir og auðvelda að slíkum samráðsnefndum sé komið á fót eða að gerðar séu aðrar viðeigandi ráðstafanir í stjórnkerfinu vegna fyrirsvars útlendinga með búsetu í landinu hjá þeim sveitarstjórnnum sem hafa á landsvæði sínu umtalsverðan fjölda útlendinga með búsetu í landinu.
2. Hver samningsaðili skal sjá til þess að útlendingar með búsetu í viðkomandi sveitarfélagi

shall imply the right of foreign residents to form local associations of their own for purposes of mutual assistance, maintenance and expression of their cultural identity or defence of their interests in relation to matters falling within the province of the local authority, as well as the right to join any association.

Article 4

Each Party shall endeavour to ensure that reasonable efforts are made to involve foreign residents in public inquiries, planning procedures and other processes of consultation on local matters.

Chapter B Consultative bodies to represent foreign residents at local level

Article 5

1. Each Party undertakes, subject to the provisions of Article 9, paragraph 1:
 - a) to ensure that there are no legal or other obstacles to prevent local authorities in whose area there is a significant number of foreign residents from setting up consultative bodies or making other appropriate institutional arrangements designed:
 - i. to form a link between themselves and such residents,
 - ii. to provide a forum for the discussion and formulation of the opinions, wishes and concerns of foreign residents on matters which particularly affect them in relation to local public life, including the activities and responsibilities of the local authority concerned, and
 - iii. to foster their general integration into the life of the community;
 - b) to encourage and facilitate the establishment of such consultative bodies or the making of other appropriate institutional arrangements for the representation of foreign residents by local authorities in whose area there is a significant number of foreign residents.
2. Each Party shall ensure that representatives of foreign residents participating in the con-

geti kosið sér fulltrúa til starfa í samráðsnefndum eða til að vinna að öðrum þeim ráðstöfunum í stjórnkerfinu, sem um getur í 1. mgr., eða að fulltrúarnir séu tilnefndir af einstökum samtökum útlendinga með búsetu í landinu.

Kafli C. Kosningarréttur í sveitarstjórnarkosningum.

6. gr.

1. Hver samningsaðili skuldbindur sig til þess, með fyrirvara um 1. mgr. 9. gr., að veita hverjum útlendingi með búsetu í landi sínu kosningarrétt og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum, enda fullnægi hann sömu lagskilyrðum og gilda um ríkisborgara í landinu og hafi enn fremur haft lögmæta og fasta búsetu í viðkomandi ríki um fimm ára skeið fyrir kosningarnar.
2. Þó er samningsríki heimilt að lýsa yfir því, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, að það hyggist takmarka beitingu 1. mgr. við kosningarrétt eingöngu.

7. gr.

Hverjum samningsaðila er heimilt að mæla fyrir um það einhliða, eða með tvíhliða eða marghliða samningi, að skilyrði, sem sett eru um búsetu í 6. gr., geti talist uppfyllt með skemmri búsetutíma.

II. hluti.

8. gr.

Hver samningsaðili skal leitast við að tryggja að útlendingar með búsetu í landi hans hafi aðgang að upplýsingum um réttindi sín og skyldur í opinberu lífi í sveitarfélaginu.

9. gr.

1. Á stríðstímum og þegar önnur hættu, sem steðjar að almenningi, ógnar þjóðlífinu er heimilt að takmarka frekar réttindi, veitt útlendingum með búsetu í landinu skv. I. hluta, að því marki sem ríkjandi neyðarástand krefst og að því tilskildu að slíkar ráðstafanir stangist ekki á við aðrar skuldbindingar samningsaðilans samkvæmt þjóðarétti.
2. Þar eð réttinum, sem er viðurkenndur skv. a-lið 3. gr., fylgja bæði skyldur og ábyrgð er heimilt að binda hann tilteknum formsatriðum, skilyrðum, takmörkunum eða viður-

sultative bodies or other institutional arrangements referred to in paragraph 1 can be elected by the foreign residents in the local authority area or appointed by individual associations of foreign residents.

Chapter C Right to vote in local authority elections

Article 6

1. Each Party undertakes, subject to the provisions of Article 9, paragraph 1, to grant to every foreign resident the right to vote and to stand for election in local authority elections, provided that he fulfils the same legal requirements as apply to nationals and furthermore has been a lawful and habitual resident in the State concerned for the 5 years preceding the elections.
2. However, a Contracting State may declare, when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, that it intends to confine the application of paragraph 1 to the right to vote only.

Article 7

Each Party may, either unilaterally or by bilateral or multilateral agreement, stipulate that the residence requirements laid down in Article 6 are satisfied by a shorter period of residence.

Part II

Article 8

Each Party shall endeavour to ensure that information is available to foreign residents concerning their rights and obligations in relation to local public life.

Article 9

1. In time of war or other public emergency threatening the life of the nation, the rights accorded to foreign residents under Part I may be subjected to further restrictions to the extent strictly required by the exigencies of the situation, provided that such restrictions are not inconsistent with the Party's other obligations under international law.
2. As the right recognised by Article 3.a carries with it duties and responsibilities, it may be subject to such formalities, conditions, restrictions or penalties as are prescribed by

lögum, sem kveðið er á um í lögum og eru nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, friðhelgi landsvæðis eða öryggis almennings, til þess að halda uppi lögum og reglu og koma í veg fyrir glæpi, vernda heilsu manna eða siðgæði, verja orðstír eða réttindi annarra, hindra miðlun trúnaðarupplýsinga eða til þess að viðhalda áhrifum og óhlutdrægni dómsvaldsins.

3. Óheimilt er að takmarka þann rétt, sem er viðurkenndur skv. b-lið 3. gr., að öðru leyti en því sem lög mæla fyrir um og er nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða öryggis almennings, til þess að halda uppi lögum og reglu og koma í veg fyrir glæpi, vernda heilsu manna og siðgæði eða til þess að verja réttindi og frelsi annarra.
4. Allar ráðstafanir, sem eru gerðar í samræmi við þessa grein, skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, en hann tilkynnir þær öðrum samningsaðilum. Sömu málsmeðferð skal beitt þegar slíkar ráðstafanir eru afturkallaðar.
5. Eigi ber að líta svo á að neitt í samningi þessum takmarki eða víki frá réttindum sem kunna að vera tryggð samkvæmt lögum samningsaðila eða öðrum samningi sem þeir kunna að eiga aðild að.

10. gr.

Hver samningsaðili skal tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um öll þau lagaákvæði og aðrar ráðstafanir sem lögbær yfirvöld á landsvæði hans samþykkja og varða þær skuldbindingar sem hann hefur stofnað til með þessum samningi.

III. hluti.

11. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Hann er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

12. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því að fjögur aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 11. gr.

law and are necessary in a democratic society, in the interests of national security, territorial integrity or public safety, for the prevention of disorder or crime, for the protection of health or morals, for the protection of the reputation or rights of others, for preventing the disclosure of information received in confidence, or for maintaining the authority and impartiality of the judiciary.

3. The right recognised by Article 3.b may not be subject to any restrictions other than such as are prescribed by law and are necessary in a democratic society, in the interests of national security or public safety, for the prevention of disorder or crime, for the protection of health or morals or for the protection of the rights and freedoms of others.
4. Any measure taken in accordance with the present article must be notified to the Secretary General of the Council of Europe, who shall inform the other Parties. The same procedure shall apply when such measures are revoked.
5. Nothing in this Convention shall be construed as limiting or derogating from any of the rights which may be guaranteed under the laws of any Party or under any other treaty to which it is a party.

Article 10

Each Party shall inform the Secretary General of the Council of Europe of any legislative provision or other measure adopted by the competent authorities on its territory which relates to its undertakings under the terms of this Convention.

Part III

Article 11

This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe. It is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 12

1. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which four member States of the Council of Europe have expressed their consent to be

2. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju aðildarríki, sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því að skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

13. gr.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið hverju ríki utan Evrópuráðsins að gerast aðili að samningi þessum samkvæmt ákvörðun sem er tekin með þeim meirihluta atkvæða, sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins, og með samhljóða samþykki fulltrúa samningsríkjanna sem eiga rétt til setu í nefndinni.
2. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju ríki, sem gerist aðili að honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því að aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

14. gr.

Líta ber svo á að skuldbindingar, sem samningsaðilar taka síðar á sig í samræmi við 2. mgr. 1. gr., skuli teljast óaðskiljanlegur hluti fullgildingar, staðfestingar, samþykkis eða aðildar þess samningsaðila, sem sendir tilkynningu þar að lútandi, og skulu þær öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjórnin fær tilkynninguna í hendur.

15. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu gilda um hvers konar sveitarstjórnir á landsvæði hvers samningsaðila um sig. Hvert samningsríki getur þó, þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, tilgreint við hvers konar svæðisbundin yfirvöld það hyggst miða gildissvið samningsins eða hvers konar svæðisbundnum yfirvöldum það hyggst halda utan þess.

16. gr.

1. Hvert ríki getur við undirritun, eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, sam-

bound by the Convention in accordance with the provisions of Article 11.

2. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 13

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any State not a member of the Council of Europe to accede to this Convention, by a decision taken by the majority provided for in Article 20.d of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee.
2. In respect of any acceding State, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 14

Undertakings subsequently given by Parties to the Convention in accordance with Article 1, paragraph 2, shall be deemed to be an integral part of the ratification, acceptance, approval or accession of the Party so notifying, and shall have the same effect as from the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the receipt of the notification by the Secretary General.

Article 15

The provisions of this Convention shall apply to all the categories of local authorities existing within the territory of each Party. However, each Contracting State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the categories of territorial authorities to which it intends to confine the scope of this Convention or which it intends to exclude from its scope.

Article 16

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification,

þykki eða aðild er afhent til vörslu, tilgreint það eða þau landsvæði sem samningur þessi skal taka til.

2. Hvert ríki getur hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu sem beint er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, rýmkað gildissvið samnings þessa þannig að öll önnur landsvæði, sem tilgreind eru í yfirlýsingunni, falli undir það. Samningurinn öðlast gildi, að því er varðar slík landsvæði, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjóranum berst slík yfirlýsing.
3. Afturkalla má hverja yfirlýsingu samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum, að því er varðar landsvæði sem eru tilgreind í slíkri yfirlýsingu, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjórinn fær tilkynninguna í hendur.

17. gr.

Enga fyrirvara má gera, að því er varðar ákvæði samnings þessa, aðra en þá sem nefndir eru í 1. mgr. 1. gr.

18. gr.

1. Hver samningsaðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjórinn fær tilkynninguna í hendur.

19. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og hverju ríki, sem gerst hefur aðili að samningi þessum, um:

- a) hverja undirritun,
- b) afhendingu hvers skjals um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild,
- c) hvern gildistökudag samnings þessa í samræmi við 12., 13. og 16. gr.,
- d) hverja tilkynningu sem borist hefur til framkvæmdar ákvæða 2. mgr. 1. gr.,
- e) hverja tilkynningu sem borist hefur til framkvæmdar ákvæða 4. mgr. 9. gr.,

acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.
3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 17

No reservation may be made in respect of the provisions of this Convention, other than that mentioned in Article 1, paragraph 1.

Article 18

1. Any Party may at any time denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 19

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to this Convention of:

- a) any signature;
- b) the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
- c) any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 12, 13 and 16;
- d) any notification received in application of the provisions of Article 1, paragraph 2;
- e) any notification received in application of the provisions of Article 9, paragraph 4;

f) hvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 5. febrúar 1992 í einu eintaki á ensku og einu eintaki á frönsku, sem verða afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum, staðfest endurrit.

f) any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 5th day of February 1992, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe and to any State invited to accede to this Convention.